

Ed.

29. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á eftir orðunum „af benzíni“ í 1. gr. a. laganna komi: öðru en flugvélabenzíni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um málið. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir.

Flugfélögin hér á landi hafa mótmælt þeirri hækkun á vörumagnstolli af benzíni, er samþykkt var á síðasta Alþingi, og telja, að félögin geti varla risið undir þeim kostnaði, sem þessi tollhækkun hefur haft í för með sér fyrir þau. Erlend flugfélög hafa einnig kvartað undan hinum háa benzintolli og gefið ótvírætt í skyn, að þau muni hætta af þessum ástæðum viðkomum sínum á Íslandi, en tekjur af Keflavíkurflugvelli byggjast að mestu leyti á afnotum erlendra flugfélaga.

Flugmálastjóri hefur í bréfi til fjármálaráðuneytisins eindregið mælt með lækku á flugvélabenzíni og telur, að hægt sé að hækka landingar- og stæðisgjöld á Keflavíkurflugvelli, en þá því aðeins, að benzingjaldið verði afnumið.

Af framantöldum ástæðum hefur ráðuneytið talið rétt að leggja til við Alþingi, að framangreindum lögum verði breytt þannig, að flugvélabenzín verði undanþegið vörumagnstolli.

Bréf formanns flugráðs:

„Með skírskotun til samtals míns við hæstvirtan fjármálaráðherra varðandi benzínskatt þann, er samþykktur var á síðastliðnu vori og líklega af vangá var látinn ná til flugbenzíns, leyfi ég mér að taka fram eftirfarandi:

Svo sem hinu háa ráðuneyti mun kunnugt, mótmæltu bæði íslensk flugfélögin hækkun þessari og töldu hana hættulega íslenskum flugmálum.

Reynslan hefur síðan sýnt, að fjárútlát flugfélaganna í sambandi við umrætt benzingjald eru það há, að félögin fá vart risið undir þeim kostnaði, til viðbótar lögboðnum landingargjöldum og mjög háum leigum af flugskýlum. Er þetta út af fyrir sig ærið tilefni til að endurskoða hið bráðasta umrætt benzingjald.

Til viðbótar þessu er þó annað fullt eins alvarlegt, en það er afstaða þeirra erlendra flugfélaga, sem nota hina íslensku flugvelli á leið sinni yfir hafið. Hafa þau flest gefið ótvírætt í skyn, að þau myndu tilneydd að hætta viðkomu á Íslandi, vegna hins háa benzingjalds. Er þegar farið að koma í ljós, að hin erlendu flugfélög munu ekki ætla að láta sitja við orðin tóm, enda hafa flugfélög um allan heim með sér samföt um að mótmæla slíkum skatti á eldsneyti, sem að sáralitlu leyti er notað yfir umráðasvæði þess ríkis, er skattinn krefur.

Í tillögum flugráðs um fjárveitingu til flugmála fyrir árið 1948 er gert ráð fyrir 750 þúsund króna tekjum af Keflavíkurflugvelli einum. Er sýnilegt, að þessi tekjuliður fær ekki staðizt, ef ekki verður nú þegar brugðið við og hætt að innheimta nefnt benzingjald.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég tel landing og stæðisgjöld Keflavíkurflugvallar of lágt ákveðin og tel fært að hækka þau verulega, án mótmæla frá hinum erlendu flugfélögum, en því aðeins, að benzingjaldið sé afnumið.

Á fundi flugráðs hinn 22. þ. m. var mál þetta rætt, og samþykkti ráðið að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, „að hinn nýi skattur af benzíni verði ekki látinn ná til flugvélabenzíns.“

Með því að mál þetta er þegar komið í óefni, eru það vinsamleg tilmæli mín, að hið háa ráðuneyti taki málið til skjótrar athugunar.

Agnar-Kofoed-Hansen.“